

10. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 11. nóv. 2010 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri og Jóhanna Helgadóttir, sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 28.10.2010
Lögð fram til kynningar.
2. Fundargerð Nausts dags. 29.10.2010
Lögð fram til kynningar.
3. Fundargerð fræðslunefndar dags. 13.08.2010
Lögð fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.
4. Fundargerð fræðslunefndar dags. 10.09.2010
Lögð fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.
5. Fundargerð fræðslunefndar dags. 23.09.2010
Lögð fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.
6. Fundargerð fræðslunefndar dags. 02.11.2010
Lögð fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.
7. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands dags. 20.10.2010
Lögð fram til kynningar.
8. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29.10.2010
Lögð fram til kynningar.
9. Skýrsla sveitarstjóra.
Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.
10. Bréf frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga dags. 29.10.2010
Lagt fram til kynningar

11. Bréf frá Vímuvarnarráði dags. 27.10.2010

Sveitarstjóra falið að senda eftirfarandi bréf til Dómsmálaráðherra, lögregluþingvalda og þingmanna.

„Sveitarstjórn Langanesbyggðar, fræðslunefnd og vímuvarnarráð lýsa yfir áhyggjum sínum vegna mikillar skerðingar á löggæslu í Langanesbyggð og nágrenni. Löggæslusvæðið nær frá Jökulsá á Fjöllum til Vopnafjarðar og er hverjum manni ljóst að þessi eini lögreglumaður sem er á vakt hverju sinni nær engan veginn að sinna öllum atvikum sem upp koma eins og reynslan hefur sýnt.“

Samþykkt samhljóða.

12. Beiðni um styrk dags. 01.11.2010

Í bréfi frá Héraðssambandi Þingeyinga er verið að óska eftir styrk.

Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til íþróttá- og tómstundanevndar til umsagnar.

Nanna Steina Höskuldsdóttir kom á fundinn.

13. Níu mánaða uppgjör.

Nokkur umræða fór fram og er alveg ljóst að skera þarf verulega niður í rekstri sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.
Fundu slitið kl. 18:55